



Samtök verslunar og þjónustu
Federation of Trade & Services

Fréttatilkynning

9.október 2006

SVP fagna ákvörðun ríkisstjórnarinnar um viðtækar aðgerðir til þess að lækka matvælavæð hér á landi til samræmis við meðalvæð matvæla á Norðurlöndunum. Sameining allra matvæla í eitt virðisaukaskattþrep er einnig fagnaðarefni.

SVP – Samtök verslunar og þjónustu hafa lengi barist fyrir lækkun opinberra gjalda á matvæli þannig að lækka mætti væð þeirra til samræmis við nágrannþjóðir okkar. Samtökin fagna því í dag þegar ríkisstjórnin kynnir að 1.mars nk. væði öll matvæli í einu skattþrepi, 7%, vörugjöld falli niður af matvælum, öðrum en sykri og sætindum, og tollar á innfluttar kjötvörur lækki um allt að 40%. Jafnframt er gefið fyrirheit um frekari tollalækkanir og bættan markaðsaðgang gagnvart helstu viðskiptalöndum Íslands í milliríkjasamningum sem tryggja eiga útflutningshagsmuni íslensks atvinnulífs.

Tollar á innfluttar kjöt- og mjólkurvörur, t.d. osta, eru oft mörg hundruð prósent og því er mikilvægt að fram komi hversu langt ætlunin er að ganga í lækkunum þeirra og í hvaða skrefum.

Samtökin leggja áherslu á að uppboð á kvótum á innfluttar kjötvörur og osta væði aflögð en almennir tollar geri alla innflytjendur jafna.

Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri Sími 511 3000 og 8221201

SVP- Samtök verslunar og þjónustu eru málsvari verslunar- og þjónustugreina á Íslandi. Meira en 200 fyrirtæki í öllum landshlutum eru aðilar að samtökunum. Þar á meðal eru ýmis af stærstu fyrirtækjum landsins, en þorri aðildarfyrirtækja eru smáfyrirtæki. Verslun og þjónusta eru nánasti hlekkur þjónustukeðjunnar við hina 300 þúsund neytendur í landinu auk álíka margra ferðamanna sem sækja landið heim árlega. Það vinna yfir 21 þúsund manns í versluninni og 90 þúsund í þjónustu, þar af helmingur í opinberri þjónustu. Framlag verslunar til landsframléiðslu eru 12% en þjónustu 55%, þar af er hlutur opinberrar þjónustu 36%.

Þessi fréttatilkynning væður líka á vefsíðu okkar: www.svth.is